

13. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 417, 27. júní 1997 um veiðar krókabáta fiskveiðiárið 1997/1998 og auglýsing nr. 536, 9. september 1997 um fjölda sóknardaga fiskveiðiárið 1997/1998.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 13. mars 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

Nr. 156

13. mars 1998

REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 414, 27. júní 1997,
um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1997/1998.**

1. gr.

Í stað: „11.-19. gr.“ í lokamálslið 1. gr. komi: 11.-17. gr.

2. gr.

2. mgr. 6. gr. orðist svo: Sameiginlegur hámarksafli krókabáta í þorski skal vera 29.982 lestir miðað við óslægðan þorsk með haus.

3. gr.

Við 1. mgr. 9. gr. bætist nýr málsliður svohljóðandi: Ákvæði þessarar málsgreinar gilda einnig um flutning á þorskaflahámarki eftir því sem við á.

4. gr.

Orðið: „sambærilegs“ í 1. mgr. 11. gr. og orðið: „sambærileg“ í 1. mgr. 12. gr. falli niður.

5. gr.

13. gr. orðast svo: Heimilt er að flytja leyfi til veiða með aflamarki eins skips til annars jafnstörs skips, miðað við rúmtölu, enda hafi rétti til endurnýjunar ekki verið afsalað. Þá er og heimilt að sameina veiðileyfi tveggja eða fleiri skipa eða skipta veiðileyfi eins skips til tveggja eða fleiri skipa, enda sé samtala rúmtalna þeirra skipa sem veiðileyfi fá ekki hærrí en rúmtala þess eða þeirra skipa sem veiðileyfi láta.

Þrátt fyrir 1. mgr. er heimilt að flytja leyfi skips til veiða með aflamarki til annars skips sem er allt að 100 rúmmetrum stærra að viðbættum 25% en þó aldrei meira en 60% stærra en skip það sem veiðileyfi lætur.

Sé skip stækkað með endurnýjun samkvæmt þessari grein eða því breytt skv. 17. gr. verður það ekki stækkað með endurnýjun fyrr en liðin eru a.m.k. 7 ár frá því að endurnýjunin eða breytingin átti sér stað.

Heimild til að flytja veiðileyfi með aflamarki á skip sem er stærra en skip það er veiðileyfi lætur, á aðeins við þegar eitt skip kemur í stað eins eða fleiri skipa og takmarkast stækkunarheimildin við stærsta skipið af þeim sem veiðileyfi láta.

Tilkynna skal til Fiskistofu um fyrirhugaðan flutning veiðileyfa milli skipa samkvæmt þessari grein.

6. gr.

Orðin: „og Fiskveiðasjóðs Íslands“ í 1. mgr. 14. gr. falli niður.

7. gr.

15. og 16. gr. falli niður og breytast númer seinni greina í samræmi við það.

8. gr.

Orðin: „samkvæmt ákvæðum 11.-16. gr.“ í 17. gr., er verður 15. gr., falli niður.

9. gr.

19. gr. er verður 17. gr. orðist svo: Óheimilt er að gera breytingar á skipi sem hefur leyfi til veiða með aflamarki þannig að rúmtala þess aukist nema flutt sé veiðileyfi af öðru skipi eða skipum sem eru jafnstór að rúmtölu og stækkuninni nemur.

Þrátt fyrir 1. mgr. er heimilt að breyta skipi sem hefur heimild til veiða með aflamarki, þannig að rúmtala þess aukist, hafi slíkar breytingar ekki verið gerðar á síðustu 7 árum eða skipið stækkað með endurnýjun samkvæmt 13. gr., enda aukist hún ekki um meira en 100 rúmmetra að viðbættum 25% en þó aldrei meira en 60%.

Tilkynna skal til Fiskistofu um fyrirhugaðar breytingar á skipum samkvæmt þessari grein.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, og öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 13. mars 1998.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

GJALDSKRÁ

fyrir sorphirðu (sorphreinsun og eyðingu) í Stykkishólmi.

1. gr.

Bæjarstjórn Stykkishólms er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald (hreinsunar-, flutnings- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að innheimta gjald vegna sorphirðu mánaðarlega samkvæmt flokkun eða vigt. Gjaldið er árlega sem hér greinir:

- Íbúðir, íbúðarhúsnæði kr. 5.800 á íbúð. Gjaldið má innheimta með fasteignagjöldum samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar.
- Fyrirtæki, stofnanir, félög og aðrir sambærilegir lögaðilar. Sorphirðugjald er kr. 4.300 á fyrirtæki m.v. hvert sorpílát, auk sorpflutnings frá móttökustað og eyðingargjalds skv. eftirfarandi flokkun:

	kr.		kr.
Flokkur 1	1.500	Flokkur 6	95.000
Flokkur 2	9.500	Flokkur 7	130.000
Flokkur 3	19.000	Flokkur 8	230.000
Flokkur 4	38.000	Flokkur 9	330.000
Flokkur 5	57.000	Flokkur 10	9,51 kr/kg